

Við greiðslu árlegs leyfisgjalds ber hundeiganda að sýna kvittun fyrir greiðslu iðgjalds af tryggingunni fyrir yfirstandandi ár.

- d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í fylgd með manni, sem hefur fullt vald yfir honum.

Óleyfilegt er að fara með hund, þó í taumi sé inn í verslanir og starfsstöðvar, þar sem matvara er unnin eða um hönd höfð og ennfremur inn í sjúkra- og skólahús og samkomuhús.

- e. Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró bæjarbúa og séu hvorki þeim, né öðrum, sem um bæinn fara til óþæginda. Skilyrði fyrir hundahaldi í fjölbýlishúsum er að slíkt sé leyft í húsreglum, sbr. lög nr. 59/1976 um fjölbýlishús.

- f. Hundeiganda er að öðru leyti skylt að hlíta lögum og reglum er hundahald varða þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda, svo og fyrirmælum, er heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Þegar hundur er tekinn úr umferð, skal honum komið í vörslu í húsnaði, sem Akureyrarbær leggur til og er sérstaklega útbúið til geymslu dýra.

Sé hunds ekki vitjað innan 2ja sólarhringa frá handsömun hans, er heimilt að lóga honum.

Hættulegum hundi og hundi, sem eigi er leyfi fyrir, má þegar lóga. Kostnað af handsömun, geymslu og aflífun hunds greiðir eigandi.

4. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum. Heimilt er að svipta hinn brotlega leyfi til hundahalds og skal það að jafnaði gert, ef um ítrekað brot er að ræða.

Sektir samkvæmt samþykkt þessari renna í bæjarsjóð Akureyrar.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 89/1975 um hundahald á Akureyri og önnur ákvæði um hundahald, sem kunna að fara í bága við samþykkt þessa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 6. nóvember 1980.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.

SAMÞYKKT

um hundahald í Siglufirði

1. gr.

Hundahald er bannað í Siglufirði að undanteknum leiðsöguhundum til hjálpar blindu fólki, leitarhundum til aðstoðar björgunarsveitum og þarfahundum á lögbýlum.

2. gr.

Bæjarstjórn er þó heimilt að veita einstaklingum, búsettum í kaupstaðnum, undanþágu til hundahalds, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Hundurinn skal skráður á skrifstofu kaupstaðarins. Þar fær eigandi afhenta merкта plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins. Á plötuna skal grafið Si og númer. Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu um, að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar, eins og hún er nú eða síðar kann að verða.
2. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi, þannig að tryggt sé að trygging taki til alls tjóns, sem hundur kann að valda, án nokkurra óeðlilegra skilyrða, að mati bæjarstjórnar.
3. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er heimilt að hafa með sér hund, þó í taumi sé, inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.
4. Hundeiganda er skylt að sjá svo um, að hundur hans raski eigi ró manna, né verði þeim til óþæginda.
5. Skilyrði fyrir hundahaldi í húsum, þar sem íbúðir eru fleiri en ein, er að allir húsráðendur samþykki slíkt. Skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds. er gildi þar til bæjarstjóra berst skrifleg afturköllun frá einhverjum húsráðanda.
6. Til að standa straum af kostnaði bæjarsjóðs af skráningu og eftirliti með hundum, skal árlega greiða leyfisgjald til bæjarsjóðs fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið greiðist fyrirfram til 1. júlí, og síðan árlega á sama tíma. Bæjarstjórn ákveður upphæð þessa gjalds í upphafi hvers árs.

Við greiðslu gjalds þessa ber hundeiganda að sýna fullgild skilríki fyrir greiðslu váttryggingargjalds samkvæmt 2. tl. þessarar greinar, váttryggingarskírteini, vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og önnur skilríki er máli skipta samkvæmt lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.

Hundar, sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, leitahundar og þarfahundar á lögbýlum, eru undanþegnir leyfisgjaldi, en eru að öðru leyti háðir ákvæðum þessarar greinar.

3. gr.

Við minni háttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um alvarlegt brot eða ítrekað er að ræða, er heimilt að afturkalla viðkomandi undanþágu til hundahalds.

4. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni og eru ómerktir, svo og aðrir ómerktir flækingshundar, skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram og/eða vitji hans innan tveggja sólarhringa, hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundinum. Merktir hundar á flækingsi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hans ekki innan tveggja sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundinum, án frekari fyrirvara. Leyfi til viðkomandi eiganda skal þá falla úr gildi og eigi endurnýjast.

Eigendur hunda, sem teknir eru úr umferð, skulu greiða allan áfallinn kostnað við vörslu þeirra.

Ef uppvíst verður um óskráðan hund, skal eiganda hans gert að greiða árgjald til bæjarsjóðs, að viðbætti sekt, er getur numið allt að sömu upphæð og árgjaldið.

5. gr.

Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna bæjarstjóra án tafar um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Siglufjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir varðandi hundahald í Siglufirði, sem fara kunna í bága við samþykkt þessa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. október 1980.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 24 000 (240 ný krónur), en endurnýjunarverð í hverjum flokki er kr. 2 000 (20 ný krónur).

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 414 11. október 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. október 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.**AUGLÝSING**

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Norðurlands hf., Akureyri, leyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands, tímabilið 22. október 1980 til 31. desember 1984: